



Yfirfallsrás frá Athabasca Vallis

ESP_029864_1880



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
U.AHRISE.ORG/IS



Á ljósmynd MOC myndavélarinnar af þessu svæði, sést farvegur sem liggur út frá Athabasca Vallis (í austur-vestur stefnu á norðurenda þessarar myndar) og stefnir í suður. Farvegurinn klofnar í marga ála og myndar um það bil tíu straumlinulagaða stapa. Á mynd MOC sást óljós merki um ójöfnur á botni farvegsins — hugsanlega hnellingar sem flóðvatnið hreif með sér? HiRISE myndin okkar sýnir að ójöfnurnar eru gervíggar sem myndast við samspil vatns og hrauns. Svo virðist sem allur farvegurinn sé þakinn hrauni. Settar hafa verið fram tvær tilgátur til að skýra myndun þessara farvega: (1) Þeir eru vatns- og hraunsornir eða (2) hraunið sjálft svarf farveginn. Hafi hraunið valdið rofinu, þarf engu að síður vatn til að útskýra gervígana en það gæti hafa verið í miklu minna magni en þarf til að sverfa farveginn.